

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	19.02.2016
Málalykill	04.35
Mál nr.	1602346



Skólaskrifstofa Garðabæjar
Margrét Björk Svavarsdóttir
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogi, 18. febrúar, 2016

Ágæti viðtakandi

Menntamálastofnun (MMS) hefur hafið innleiðingu rafrænna prófa samkvæmt ákvörðun mennta- og menningarmálaráðuneytis. Samkvæmt tilkynningu á vef MMS 11. febrúar 2016, munu rafræn próf verða lögð fyrir 4. og 7. bekk haustið 2016 og fyrir 9. og 10. bekk vorið 2017. Forprófanir fara fram vorið 2016.

Innleiðingarferli af þessu tagi er afar umfangsmikið og krefst samráðs við margar stofnanir, samtök, fyrirtæki og aðra hagsmunaaðila.

Gott samstarf er forsenda þess að innleiðing heppnist sem skyldi og því er óskað eftir tengilið til að tryggja gott upplýsingaflæði milli MMS og hagsmunaaðila. Notuð verður upplýsingasíða MMS á Fésbók sem fyrsta skrefið í kynningarferli MMS. Þar verða settar inn nýtsamlegar upplýsingar er tengjast innleiðingunni.

Upplýsingar um tengiliði óskast sendar til Gunnhildar Steinarsdóttur á netfangið gunnhildur.steinarsdottir@mms.is.

Með kveðju,

Sviðsstjóri matssviðs,
Menntamálastofnun